

60. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 08.11.2012

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Helgi Stefánsson og Óskar Ingi Sigurðsson.

Fundarefni.

Deiliskipulag Hlíðahverfis, suðurhluta, Akureyri.

Berglind formaður sendi eftirfarandi fyrirspurnir.

1. Hvers vegna er húsið Sólvangur sem er á horni Höfðahlíðar og Lönguhlíðar ekki með í deiliskipulaginu?
 - a. Svar frá Önnu Bragadóttur verkefnastjóra skipulagsmála barst þann 16. október 2012 „Húsið Sólvangur er á öðru deiliskipulagi“ og fylgdi það skipulag með svarinu þ.e. Glerárgil – neðsti hluti.
2. Hvernig skal skilgreina aksturleið að Háhlíð 4?
 - a. Svar frá Önnu Bragadóttur verkefnastjóra skipulagsmála barst þann 16. október 201 „Aðkoma að Háhlíð 4 er frá Háhlíð. Þar eru skilgreind bílastæði fyrir framan hús og mögulegt að keyra framhjá bílskúrnum að húsinu. Hins vegnar hefur það tíðkast að keyra upp að húsinu frá Höfðahlíð. Þar er skilgreindur akfær göngustígur...“ „Stígurinn verður malbikaður en er brattur og verður það áfram. Sú aðkoma verður ekki löguð frekar þar sem aðalaðkoma er frá Háhlíð“

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis samþykkir því deiliskipulagið að Hlíðahverfi, suðurhluta eins og það liggur fyrir.

Samkeppni um nafn leikskóla.

Berglinda formaður sendi inn fyrirspurn varðandi frétt/auglýsingu er birtist í Vikudegi .

Fréttin

„Vegna sameiningar leikskólanna Holtakots og Síðusels verður efnt til samkeppni um nýtt nafn á sameinaðan leikskóla og eru bæjarbúar hvattir til þátttöku. Hjá Akureyrarbæ er starfandi nafnanefnd sem skipar dómnefnd í þessari samkeppni og sendir tillögur sínar til skólanefndar og bæjarstjórnar.“

Fyrirspurnin:

Í tilefni af þessari frétt óskum við í Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis eftir upplýsingum um hvað felst í svonefndri sameiningu leikskólanna.

Holtakot er eini leikskólinn í okkar hverfi sem Akureyrarbær rekur og höfum við áhyggjur af því hvort um sé að ræða lokun hans.

Svohljóðandi svar barst 22. október frá Karli Frímannssyni sem situr í skólanefnd Akureyrar.

Erindi: Svar við fyrirspun þann 16. október 2012 um hvað felist í sameiningu leikskólanna Síðusels og Holtakots.

Á fundi skólanefndar Akureyrar þann 11. apríl 2012 voru lagðar fram tillögur stýrihóps um stjórnkerfi skóla Akureyrarbæjar. Þær fela meðal annars í sér að unnið verði að sameiningu leikskóla þannig að á hverjum þeirra verði 90-150 börn. Jafnframt var hvatt til aukinnar teymisvinnu skólastjórna og kennara í öllum skólum bæjarins.

Á fundi skólanefndar þann 4. júní var svo lögð fram til kynningar stjórnkerfisbreyting þar sem ákveðið var að sameina Holtakot og Síðusel undir stjórn Snjólaugar Pálsdóttur skólastjóra Síðusels og þær Guðrúnu Hafðísi Óðinsdóttur og Sólrúnu Eyfjörð Torfadóttur urðu um leið aðstoðarskólastjórar, en þær hafa verið í þeirri stöðu í sitt hvorum skólanum til þessa.

Breytingin felur fyrst og fremst í sér sameiningu yfirstjórnar auk þess sem nokkrir rekstrarþættir verða sameinaðir. Skólarnir fá sameiginlegt nafn, símkerfi verður sameiginlegt, sameiginleg heimasíða verður gerð, innkaupa verða sameiginleg ofl. Hvor skóli hefur sína starfsáætlun áfram og foreldrafélögin starfa áfram á báðum stöðum út þetta skólaár amk. Foreldraráðið verður hinsvegar sameinað með fulltrúum beggja skólanna.

Á langtímaáætlun Akureyrarbæjar er ekki ráðgert að breyting verði á skipan eða rekstri leikskólanna beggja að öðru leyti en ofan greinir.

Virðingarfyllt,
Karl Frímannsson

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 4. desember 2012 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 06. nóvember 2012

Brynja